



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 28. maí 2025
USK24100158

TILLAGA

Hlíðar – útfærsla einstefnugatna og Lönguhlíðar sunnan Miklubrautar

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna gatna í Hlíðunum, í samræmi við meðfylgjandi forhönnunarteikningar.

Greinargerð:

Veitur stefna á endurnýjun lagna í Hlíðunum á komandi árum, sem kallar á töluvert rask á yfirborði gatna í hverfinu. Það er því tækifæri í því að endurskoða útfærslu gatnanna út frá gefinni reynslu og hlutverki þeirra. Framkvæmdir við endurnýjun lagna hefist í ár í Lönguhlíð og Drápuhlíð, og verða aðrar götur hverfisins teknar á árunum þar á eftir. Er Drápuhlíð því notuð sem dæmi um hvernig aðrar einstefnugötur verði útfærðar.

Á síðari hluta síðasta árs var send út könnun til íbúa á svæðinu þar sem þeim var gefinn kostur á að velja milli tveggja valkosta á útfærslu einstefnugatna, þar sem Drápuhlíð var notað sem dæmi. Báðar útfærslurnar snéru að því að breyta núverandi skástæðum í bílastæði samsíða akstursstefnu, og þar með búa til rými fyrir gangstéttar beggja vegna þversniðsins og blágrænar ofanvatnslausnir.

Sú útfærsla sem hlaut um 75% atkvæða heldur sama fjölda bílastæða og er í dag; en í hinni útfærslunni var fjölda bílastæða fækkað um u.þ.b. 10% og gróður aukinn á móti. Niðurstöður könnunarinnar var kynnt umhverfis- og skipulagsráði 5. febrúar 2025, þar sem farið var einnig yfir forhönnunina.

Í framhaldi af þessu óskaði Reykjavíkurborg eftir umsögn frá eftirfarandi aðilum á forhönnun Lönguhlíðar ásamt þeirrar útfærslu á einstefnugötum sem hlaut fleiri atkvæði.

- Íbúasamtök þriðja hverfis
- Foreldrafélag Háteigsskóla
- Foreldrafélag Hlíðaskóla
- Krambúðin, Lönguhlíð

Umsagnir bárust frá tveimur aðilum, Foreldrafélagi Hlíðarskóla og Krambúðinni, Lönguhlíð. Umsagnirnar snéru að umferðaröryggi almennt á svæðinu og hvort hönnunin taki tilliti aukinnar þjónustu og nýtingar.



Reykjavík



Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Umsögn foreldrafélags Hlíðaskóla

Hjálagt: Umsögn aðstoðarframkvæmdastjóra verslunar- og mannauðssviðs Samkaupa Krumbúðarinnar

Hjálagt: Teikningar af útfærslu Löngu- og Drápuhlíðar



Reykjavík



Umsögn stjórnar foreldrafélags Hlíðaskóla dags. 5. apríl 2025

Varðandi Langahlið - Drápuhlið - útfærsla gatna

Það er ánægjuefni að það sé verið að endurnýja lagnir og í kjölfarið endurhanna götur og að sjálfsögðu þarf að vanda vel til verks og því fögnum við að leitað sé til hagsmuna aðila á þessu forhönnunarstigi. Það eru nokkrir punktar um framkvæmdina frá okkur.

- Öryggi gangandi vegfarenda og þá sérstaklega skólabarna. Eru göngubrautir nógu áberandi, þær eru sýndar þarna sem zebra-brautir sitthvoru megin við þær götur sem þvera Lönguhlið svo í stað fjögurra brauta að þá eru þær orðnar helmingi fleirri. Er eitthvað sem bendir til að þetta sé öruggara?
- Lýsing, væri hægt að skoða að vera með lægri lýsingu hjá göngubrautum til að gera vegfarendur sýnilegri?
- Taka sérstaklega tillit til þess svæðis þar sem gangandi, hjólandi og akandi skarast hjá hringtorginu, þetta þarf að vera skýrt og þægilegt svæði, sérstaklega fyrir hjólandi.
- Það lítur út fyrir að bílastæðin í Lönguhlið hafi verið fjarlægð, verða engin bílastæði á þessu svæði?
- Umferðin í Lönguhlið. Samkvæmt þessum teikningum þá eru akbrautimar í sitthvora átt ekki lengur aðgreindar með eyjum. Við gagnrýnum þetta harðlega þar sem þetta gefur tækifæri á framúrakstri eins og er oft í Hamrahliðinni, umferðarhraðinn og hættur sem fylgja svona akstri og það væri afturför að breyta þessu með þessum hætti án þess að finna eitthvað annað í staðinn til að tryggja að það sé ekki framúrakstur. Það er ekki nóg að setja upp umferðarskilti sem segir framúrakstur bannaður. Hönnun á þessari götu á að vera með þeim hætti að hún sé hraða minnkandi.
- Nú er Langahlið tilgreind sem Borgargata í Hverfissskipulagi. Tekur þessi hönnun tillit til þessa og gefur tækifæri á aukinni þjónustu og nýtingu? Okkur sýnist mikið vanta upp til að hún uppfylli þau skilyrði.

Laugardagurinn 5.apríl 2025, Reykjavík
Stjórn foreldrafélags Hlíðaskóla



Reykjavík



Umsögn aðstoðarframkvæmdastjóra verslunar- og mannauðssviðs Samkaupa Krumbúðarinnar

Bjarni Rúnar Ingvarsson

From: Natan Freyr Guðmundsson
Sent: 25. marts 2025 13:45
To: Heiðar Róbert Birnison
Cc: Kristín Gunnarsdóttir
Subject: RE: Langahlíð - Drápuhlíð - Útfærsla gatna

Sæll

Jú, ekki er lagt til að breyta fyrirkomulagi bílastæða sem eru innan lóða, þ.m.t. bílastæðin sem eru við Mávahlíð 26 og ekið inn á frá Lönguhlíð. Það er einmitt verið að leggja til að færa strætóstöðina til að tryggja m.a. að bílastæðin og strætóstöðin fái nægilegt rými.

Kv.



Natan Freyr Guðmundsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411 1111
Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamkiptum: www.reykjavik.is/trunadur




From: Heiðar Róbert Birnison [REDACTED]
Sent: Tuesday, March 25, 2025 14:03
To: Natan Freyr Guðmundsson [REDACTED]
Cc: Kristín Gunnarsdóttir [REDACTED]
Subject: Re: Langahlíð - Drápuhlíð - Útfærsla gatna

Þú færð ekki oft tölvupóst frá [REDACTED]. [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Takk fyrir þetta,

Ég er að reyna átta mig á teikningunni,
Er ekki öruggt að bílastæðin - merkt með gulu á mynd - haldast aðgengileg frá veginum?
Ef svo er, þá höfum við engar athugasemdir





Með kveðju | Best regards

Heiðar Róbert Birnison

Aðstoðarframkvæmdarstjóri verslunar- og mannauðssviðs | Assistant COO
Verslunar- og mannauðssvið





From: Natan Freyr Guðmundsson [REDACTED]
Sent: Tuesday, March 25, 2025 12:43 PM
To: Heiðar Róbert Birnison [REDACTED]
Cc: Kristín Gunnarsdóttir [REDACTED]
Subject: RE: Langahlíð - Drápuhlíð - Útfærsla gatna

Sæll

Sjá meðfylgjandi viðhengi

Kv.



Natan Freyr Guðmundsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411 1111
Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur



From: Heiðar Róbert Birnison [REDACTED]
Sent: Tuesday, March 25, 2025 13:36
To: Natan Freyr Guðmundsson [REDACTED]
Cc: Kristín Gunnarsdóttir [REDACTED]
Subject: Re: Langahlíð - Drápuhlíð - Útfærsla gatna

Þú færð ekki oft tölvupóst frá [REDACTED]. [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Sæll Natan,

Átt þú viðhengi með þessum pósti?

Með kveðju | Best regards

Heiðar Róbert Birnison
Aðstoðarframkvæmdarstjóri verslunar- og mannauðssviðs | Assistant COO
Verslunar- og mannauðssvið

Tel: +354 4215400
heidar@samkaup.is

samkaup

Skilmálar | Disclaimer



Reykjavík



From: krambudin@krambudin.is <krambudin@krambudin.is>

Sent: Tuesday, March 25, 2025 10:53 AM

To: Heiðar Róbert Birnison [REDACTED]

Cc: Kristín Gunnarsdóttir [REDACTED]

Subject: Fwd: Langahlíð - Drápuhlíð - Útfærsla gatna

Hæhæ,

Ég kemst heldur ekki í viðhengið.



Sé bara þetta, er ekki best að setja sig í samband við hann?

Natan [REDACTED]

Bestu kveðjur,

Hrefna

Þjónustuborð Samkaupa

Kveikt Tue, 25 Mar kl 8:39 AM , Natan Freyr Guðmundsson

[REDACTED] skrifaði:

Ágæti viðtakandi

Meðfylgjandi bréf er sent út á hagsmunaaðila þar sem óskað er eftir umsógn um fyrirhugaða endurhönnun á útfærslu gatna í Hlíðunum. Nánari upplýsingar má sjá í umræddu bréfi.

Kv.



Natan Freyr Guðmundsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur



